

## 12. gr.

Landsbókasafn Íslands skal gefa út skrár um það efni, sem safnið fær skv. lög-  
um þessum, annað en smáprent.

V. KAFLI  
RÍKISSTYRKT ÚTGÁFA

## 13. gr.

Þeir útgefendur, stofnanir, félag eða einstaklingar, sem njóta styrks af al-  
mannafé til útgáfu á ritum, skulu afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að tíu ein-  
tökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar þess, og ber Landsbókasafni að  
taka frá þrjú eintök af hverju þeirra og ætla þau Amtsbókasafninu í Stykkishólmi,  
Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði, eitt eintak hverju safni.  
Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

VI. KAFLI  
VIÐURLÖG

## 14. gr.

Nú gerir skilaskyldur aðili ekki fullnaðarskil í tæka tíð, og verður innheimta  
vanskilaefnis þá, ef þurfa þykir, falin lögregluþyröldum á hverjum stað. Heimilt  
er lögreglustjóra að beita dagsektum, allt að 2000 krónum á dag.

VII. KAFLI  
GILDISTAKA

## 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög um afhendingu  
skyldueintaka til bókasafna, nr. 11 8. mars 1949, svo og ákvæði annarra laga, er  
brjóta kunna í bág við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð,  
sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

Fyrsta málsgrein 6. gr. laga nr. 68/1967 orðist þannig:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í  
innlendra eða erlendra mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess að  
hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

**2. gr.**

7. gr. laga nr. 68/1967, sbr. lög nr. 19/1968, orðist þannig:

Starfa skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðarfæraeiðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlendan veiðarfæraeiðnað.

Tekjur lánadeildar eru:

1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Vextir.

**3. gr.**

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. Til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó öðlast ákvæði 2. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1978.

*Gjört í Reykjavík 16. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

Nr. 45.

3. maí 1977.

**FORSETA BRÉF**

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Alþingi 98. löggjafarþing, lýkur störfum miðvikudaginn 4. maí 1977. Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

*Gjört í Reykjavík, 3. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*